

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Söngur

Stenhammar og sönglögin

Elísabet Einarsdóttir

Leiðbeinandi: Nína Margrét Grímsdóttir

Vorönn 2011

Útdráttur úr ritgerð

Ritgerðin fjallar um sönglög eftir Stenhammar og athugun á því sem er líkt með verkum hans og Sibeliusar. Borið er saman *Flickan kom ifrån sin älsklings möte*, ljóð eftir *J. L. Runeberg* sem þeir báðir sömdu tónlist við. Nokkrar mismunandi aðferðir eru notaðar til að bera verkin saman en fyrst og fremst er notuð tónlistargreiningu. Einnig eru notaðar sögulegar staðreyndir sem eru þekktar. Til að sjá hvað þeir eiga sameiginlegt og ekki er skoðaður stíll, form og tónsmíðaaðferðir í sönglögum þeirra

Skemmtilegt er að bera Stenhammar og Sibelius saman, því Stenhammar leit mikið upp til Sibeliusar. Hjá Stenhammar er hægt að sjá mikil áhrif frá Sibeliusi en einnig frá öðrum tónskáldum. Í fyrri sönglögum hans aðallega er hægt að sjá hvernig Stenhammar hefur orðið fyrir áhrifum frá Sibeliusi og öðrum. Bo Wallner kallar Stenhammar í byrjun ferils síns sem ”góða eftirhermu, með músíkalskan smekk”.¹ Í lok ferilsins fer Stenhammar að finna sína eigin leiðir og fá meiri persónuleika í tónlistinni.

Eftir að vera búin að skoða þróun Stenhammar á sönglögum hans er ekki hægt að segja að það sé mikill munur á fyrri og seinni sönglögum hans. Frekar mætti segja að maður heyri skýrari persónulegan blæ í seinni lögunum hans. Fyrri sönglög hans eru falleg og vel samin en eru mjög í þýskum anda, síðar fer Stenhammar að finna sína leið. Það sem er sérkennilegt fyrir lög Stenhammars er hvernig hann setur textann við tónlistina, oft atkvæðabundið, með tónlist sem fylgir textanum mjög bókstaflega, bæði rýtmískt og í laglínunum. Kannski er ekki hægt að segja þetta um fyrri sönglög hans en þau seinni þróast í að verða þannig.

¹ Wallner, Bo: *Wilhelm Stenhammar och hans tid. Del 1*, Nordstedts Förlag, Stockholm, 1991, Bls 152

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Samband Stenhammars og Sibeliusar.....	5
Sönglög eftir Stenhammar og þróun þeirra.....	6
1879-1900	6
1900-1910	10
1910-1923	12
Flickan kom ifrån sin älsklings möte.....	13
Lokaorð og niðurstaða.....	18
Heimildaskrá.....	19

Inngangur

Wilhelm Stenhammar var sænskt tónskáld, píanóleikari og stjórnandi. Hann fæddist í febrúar árið 1871 í Stokkhólmi og dó í nóvember 1927 í Jonsered, fyrir utan Gautaborg.

Stenhammar ólst upp í Stokkhólmi en fór í framhaldsnám til Berlínar. Hann varð fyrir miklum áhrifum frá þý skri rómantískri tónlist, eins og til dæmis tónlist Richards Wagners, Franz Liszt, Johannes Brahms og Antons Bruckner.²

Jean Sibelius fæddist 8. desember 1865 og dó í september 1957. Hann var eitt af fremstu tónskáldum í Finnlandi. Móðurmál hans var sænska, en hann lærði ungur finnsku. Sibelius lærði svo tónsmíðar í Helsinki. Á þessum tíma var sænsk tónlist ríkjandi í Finnlandi en Sibelius var á móti þessum sænsku áhrifum. Þetta gerði Sibelius af miklum þjóðernissinna og hann samdi mörg verk um þjóð sína. Í tónlistinni eftir Sibelius heyrir maður áhrif frá tónskáldum eins og *Pjotr Tchaikovsky (1840-1893)*, *Richard Wagner (1813-1883)* og *Anton Bruckner (1824-1896)*. Eins og áður hefur verið sagt, var einnig Stenhammar undir áhrifum frá Wagner og Bruckner.³

Stenhammar reyndi að minnka þau þýsku áhrif sem hann hafði og verða meira „sænskt tónskáld“ eins og til dæmis *Carl Nielsen (1865-1931)*, *Edvard Grieg (1843-1907)* og *Jean Sibelius* voru fyrir sínar þjóðir.⁴

Í þessari ritgerð ætla ég að skrifa um sönglöggin eftir Stenhammar og athuga hvað er líkt með verkum hans og Sibeliusar. Ég ætla að bera saman *Flickan kom ifrån sin älsklings möte*, ljóð eftir *J. L Runeberg* sem þeir báðir sömdu tónlist við. Skemmtilegt er að bera þessi tvö tónskáld saman, því Stenhammar leit mikið upp til Sibeliusar.

Ég hef nokkrar mismunandi aðferðir til að bera verkin saman en fyrst og fremst ætla ég að reyna athuga þetta með því að nota tónlistargreiningu. Einnig ætla ég að nota sögulegar staðreyndir sem eru þekktar. Ég ætla líka að skoða stíl, form og aðferðir sem Stenhammar og Sibelius notuðu í sönglögum sínum til að sjá hvað þeir höfðu sameiginlegt og ekki sameiginlegt í tónsmíðum sínum á sönglögum.

² Wallner, Bo; Åstrand, Hans: Stenhammar, (Karl) Wilhelm (Eugen), Grove Music Online, Oxford University Press 2007 - 2010, sótt 3. desember 2010, http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/grove/music/26677?q=Wilhelm+Stenhammar&search=quick&pos=1&_start=1#firsthit

³ Hepokoski, James: Sibelius, Jean [Johan] (Christian Julius) 1. 1865–89: early years, first student compositions, Grove Music Online, Oxford University Press 2007 - 2010. http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/grove/music/43725?q=sibelius&search=quick&pos=1&_start=1#firsthit

⁴ Wallner, Bo: Wilhelm Stenhammar och hans tid. *Del 1*. Bls 552, Nordstedts Förlag, Stockholm, 1991

Samband Stenhammars og Sibeliusar

Stenhammar og Sibelius voru miklir vinir. Sibelius kom stundum og var gestastjórnandi hjá „Göteborgs symfoniker“ (Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar) sem Stenhammar hafði verið stjórnandi fyrir síðan 1907. Stenhammar var stjórnandi í fimmtán ár og þá kom oft líka Carl Nielsen, annar góður vinur Stenhammars sem gestastjórnandi. Sibelius var líka hljómsveitarstjóri og stjórnaði mikið í Stokkhólmi, eins og til dæmis á frumflutningi sjöundu sinfóníu sinni.

Samband þeirra er hægt að skoða á margan hátt. Hægt er að skoða bréfaskipti þeirra og einnig er hægt að skoða hversu oft verk eftir Sibelius voru spiluð af hljómsveitinni í Gautaborg sem Stenhammar stjórnaði. Einnig er hægt að athuga samband þeirra með því að skoða áhrifin frá Sibelius í tónlist Stenhammars.

Stenhammar og Sibelius hittust í fyrsta skipti sumarið 1901, þegar Helsínki-hljómsveitin átti leið um Stokkhólm á leiðinni út á heimssýninguna í París. Stenhammar var gestastjórnandi í Helsínki um mánaðarmótin feb/mars 1902. Þegar hér var komið sögu hafði Stenhammar fengið mikið álit á Sibelius eftir að þeir höfðu hist í fyrsta sinn. Það sést í bréfi sem hann sendi Helgu systur sinni, „*Sibelius er mesti snillingur þeirra*“⁵ Í nóvember 1903 hélt *Konsertföreningens orkester* í Stokkhólmi tónleika með Arma Järnefelt sem geststjórnanda, þar sem hún spilaði Sinfóníu Nr 2 eftir Sibelius. Stenhammar verður „heillaður og hræður“⁶. Í byrjun janúar 1904 skrifar Stenhammar til Sibelius „Þú frábæri maður, þú ert búinn að fylla fangið af undursamlegum hlutum frá djúpi hins óþekkta og ómeðvitna“

Í fyrsta sinn sem Gautaborgarbúar fengu að hlusta á verk Sibeliusar var í apríl 1901 og fyrsta skiptið sem Stenhammar stjórnaði Sibelius var 4. desember 1907. 23. janúar 1908 var Dúrsinfónían eftir Sibelius flutt og þar sló hún í gegn í fyrsta skipti.⁷ Þegar Gautaborgar-sinfónían fór í hljómleikaferðalag 1909 var þessi sinfónía eins og tákn og helsta flaggskip hljómsveitarinnar. Fram til 1915 spilar hljómsveitin sinfóníuna tíu sinnum, þá er að segja meira en allar aðrar sinfóníur, með undantekningu af allra frægustu sinfóníum Beethovens og Schuberts. Þetta sýnir hversu mikið álit Stenhammar hafði á Sibelius.

⁵ Wallner, Bo: *Wilhelm Stenhammar och hans tid. Del 2*, Nordstedts Förlag, Stockholm, 1991, Bls 552

⁶ Ibid., bls 552

⁷ Ibid., bls 553

Sönglög eftir Stenhammar og þróun þeirra 1879-1900

Í janúar 1891 hóf Stenhammar að skrá niður þau verk sem hann samdi. Þess vegna getum við vitað nákvæmlega hvenær hann samdi allt. Athyglisvert er að lesa þennan lista þar sem hann skrifar hjá sér athugasemdir og annað sem tengist verkum hans.

Á unglingsárum Stenhammars réð söngtónlistin ríkjum. Á tímabilinu 1879-1890 skrifaði Stenhammar mikið af sönglögum eftir mörg mismunandi skáld eins og *Heinrich Heine* (1797-1856), *Bjørnstjerne Bjørnson* (1832-1910), *Albert. T. Gellerstedt* (1836-1914) og *J. W. Goethe* (1749-1832). Ekki er skrítið að sönglöggin hjá Stenhammar hafi blómstrað á þessu tímabili, vegna þess að hann samdi „heimatónlist“, það er að segja tónlist sem allir geta sungið. Hér er líka hægt að sjá sögulegt samband, því ef það er eitthvað sem er einkennandi fyrir sænska tónlist eru það einsöngslöggin frá rómantíska tímabilinu.

Áhugavert er að skoða hvers vegna Stenhammar valdi á unglingsárum sínum að semja tónlist við ljóð eftir höfunda eins og *Gellerstedt* og *Melin*, tvö ljóðskáld sem ekki voru meðal þeirra þekktustu eða virtustu? Kannski hefur Stenhammar valið sér ljóð eftir þessi skáld því að þau eru svo einföld, næstum barnaleg og að Stenhammar hafi fundist þau passa við fyrstu tónlist sína? Ef maður skoðar sönglöggin frá þessu tímabili hjá Stenhammar er greinilegt hvað löggin sem samin eru við ljóð eftir Gellerstedt eru sérstök og falleg.

Kärt är att råka dig nattviol (Yndislegt er að hitta þig næturfjóla), líka kallað *I skogen* (Í skóginum), með texta eftir Gellerstedt, er eitt af fyrstu sönglögum Stenhammars. Hann skrifar hjá sér að þetta sönglag sé „eitt af mínum bestu lögum“.⁸ Þetta ljóð er mjög þekkt og oft flutt, ekki bara sem söngljóð eftir Stenhammar heldur sem eitt af þekktum sænskum alþýðulögum.

Þegar þetta var samið 1887 var Stenhammar 16 ára. Það má kalla hann undrabarn og það sést skýr persónulegur blær í tónlistinni. Hann er ekki bara góður að nema af öðrum tónskáldum heldur er orðinn persónulegt og sérstakt tónskáld.⁹ *I Skogen* hefur lagræna og syngjandi laglínu og er á frekar einföldu ABAB-formi. Hér er þýðing eftir mig af fyrstu erindinu í laginu:

⁸ Wallner, Bo: *Wilhelm Stenhammar och hans tid. Del 1*, Nordstedts Förlag, Stockholm, 1991, Bls 149

⁹ Ibid., bls. 154

Kärt är att råka dig, nattviol
där blek du står ibland gräsen
och suckar ut efter sjunken sol
din doft, ditt innersta väsen.

Yndislegt að hitta dig næturfjóra,
sem stendur þarna föl í græna grasinu
Þú ilmar af sólinni
og þinni innstu sál

Stenhammar skrifar ekki einungis fallega tónlist sem nær hughrifunum við þetta fallega ljóð, hann lyftir því líka á hærra plan. Með því að hlusta á píanópartinn er hægt að heyra áhrif frá *R. Schumann (1810-1856)* og *F. Chopin (1810-1849)*. Samt sem áður fer Stenhammar nokkurn veginn sína eigin leið. Eitt dæmi um þ að er þ egar Stenhammar sem sextán ára unglingur notar túlkunarkerki eins og *dolcissimo* og *legatissimo*, sem eru eins tillfinningarík og hægt er að vera. Þessi merki eru mjög einkennandi fyrir Stenhammar, sérstaklega á seinni tíð í ferils hans. Ólíkt öðrum lögum eftir Stenhammar byrjar hann ekki að skrifa laglínuna í „þjóðlagatón“, þ að er að segja, Stenhammar leitast ekki endilega við að fá fram sænska sveitasælu, eins og í mörgu öðrum lögum, sem er mjög athyglisvert. Hér fyrir neðan er hægt að sjá hvernig Stenhammar byggir upp fyrir hápunktinn, langa tónnin á es á orðinu *doft* (ilmur).

Dæmi 1

Stenhammar - Úr *I skogen*, taktur 6-8 ¹⁰

The image shows a musical score for a piece by Stenhammar. It consists of two systems of staves. The top system is a vocal line in treble clef with lyrics: "och suck-ar ut ef-ter sjun-ken sol din doft, ditt". The bottom system is a piano accompaniment in grand staff (treble and bass clefs). The piano part is marked "pp dolcissimo". The music is in a minor key and 3/4 time. The piano accompaniment features a prominent, sustained chord in the right hand and a more active bass line in the left hand.

Ef við athugum textann og hvernig Stenhammar semur tónlist við ljóðið, sést að hann fylgir ekki textanum nákvæmlega eins og við sjáum í seinni sönglögum hans. Með því að skoða textann í ljóðinu mæti halda að Stenhammar fylgdi textanum með tónlist sinni, til dæmis með því að setja trillu þegar er sungið um *trasten* (þröstinn) eða einhverja línu sem fer niður á við, þegar er sungið *sorg dár fröjd har gått under* (sorg þegar gleðin er horfin) en það gerir Stenhammar ekki.

¹⁰ Stenhammar, Wilhelm: *Sånger och visor; I skogen*, Carl Gehrman's Musikförlag, Stockholm, Sweden, 1920, taktur 6-8

Hægt er að taka dæmi um þetta í fyrstu innkomunni í söngróddinni *Kært är att råka dig nattviol, där blek du står ibland gräsen*. (Yndislegt að hitta dig næturfjóra, sem stendur þarna föl í græna grasinu), þar sem Stenhammar í öðru erindinu notar sama laglínán og í fyrstu erendinu, bara annar texti: *Lär mig nattviol, blid som din, en sorg där fröjd har gått under* (Segðu mér næturfjóra, þú blíðasta blíð, frá sorg þar sem gleðin er horfin). Þetta er mjög athyglisvert, því þessar tvær setningar eru mjög ólíkar, ef ekki andstæðar. Fyrsta er glöð og rómantísk og önnur sorgleg. Þetta sýnir að Stenhammar leggur meiri áherslu á að ná hughrifunum í sjálfri tónlistinni, frekar en að fylgja ljóðinu nákvæmlega

Dæmi 2Stenhammar - *Úr I skogen*,

11

Kært är att rå - ka dig natt - vi - ol, där blek du står i - bland grä - sen

Þetta verk hefur ekki jafn sterkar andstæður eins og *Flickan kom ifrån sin älsklings möte*, sem verður svo einkennandi fyrir tónlist hans í seinni sönglögum hans. Það er samt athyglisvert að sjá hversu hratt hann þroskast í seinni sönglögum sínum. *I skogen* sýnir hversu músíkalskur hann er en samt sem áður hefur hann ekki alveg fundið sína leið.

Í byrjun 1890 samdi Stenhammar þrjú verk, sem sýna greinilega að hann sé kominn á nýja braut í tónlistarsköpun sinni.¹² Hann skilur við hinn norræna stíl og notar stærri form, texta með meiri dýpt. Tónmálið og hljómurinn verða að einhverju sem var alveg nýtt, þar má sjá áhrif frá Wagner.¹³ Fyrsta verkið af þessum þremur mikilvægu verkum er ljóð sem heitir *Florez och*

¹¹ Stenhammar, Wilhelm: *Sånger och visor, I skogen*, Carl Gehrman's Musikförlag, Stockholm, Sweden, 1920, taktur 3-4

¹² Wallner, Bo; Åstrand, Hans: Stenhammar, (Karl) Wilhelm (Eugen), Grove Music Online, Oxford University Press 2007 - 2010, sótt 10. desember 2010, http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/grove/music/26677?q=Wilhelm+Stenhammar&search=quick&pos=1&_start=1#firsthit

¹³ Wallner, Bo; Åstrand, Hans: Stenhammar, (Karl) Wilhelm (Eugen), Grove Music Online, Oxford University Press 2007 - 2010, sótt 10. desember 2010, http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/grove/music/26677?q=Wilhelm+Stenhammar&search=quick&pos=1&_start=1#firsthit

blanzefflor, op 3 fyrir baryton og hljómsveit.

Verkið *Florez och Blanzefflor* skráði Stenhammar niður í verkalistann vorið 1891. *Florez och Blanzefflor* með texta eftir Levertin er eitt af þekktustu ljóðum miðaldasögunnar. Ljóðið er litríkt og hægt er að segja að textinn hafi erótíska útgeislun. Sagan er mjög björt og glaðleg en hefur mjög tilfinningaríkt tónmál. Gagnrýnin sem þetta verk fékk við frumflutninginn var ekki mjög góð, mönnum fannst að Stenhammar hefði hæfileika en tónmálið hefðu menn heyrt áður og væri það í anda Mendelssohn. Í tónlistinni í byrjun verksins er forspil, þar sem mild og lýrisk rödd er í laglínunni. Eftir nokkra takta kemur söngroddin með syngjandi og fallega línu.

Við hlustun á þessu verki heyrast margir kaflar með mismunandi blæ, þar sem Stenhammar nýtir sér þá að ljóðið er mjög langt. Hljómsveitin fær mikið svigrúm og óhætt er að segja að Stenhammar hefur hugsað söngvarann sem hluta af hljómsveitinni. Hljómsveitin spilar ekki undirspil eða millispil heldur er alveg jafn mikilvæg og söngroddin. Stenhammar hefur verið mjög nákvæmur að fylga textanum, hægt er að taka dæmi í byrjun verksins þar sem Stenhammar fylgir textanum með tónlistinni mjög bókstaflega.

Dæmi 3

Stenhammar - Úr *Florez och Blanzefflor* 14
Op 3, taktur 40-42

(Andante moderato)

och äp - pel - blom - mor - nas snö - fall - blek - te all

(p) mp dim.

Eins og áður hefur verið sagt eru mismunandi mótíf endurtekin í þessu verki. Það sýnir að Stenhammar hefur verið undir áhrifum Wagners, notað svokallaða *Leitmotiv*-tækni. Hægt er að heyra mjög tilþrifamikinn blæ, þar sem heyrast áhrif frá hljómsveitarljóðum eftir *G. Mahler* (1860-1911) og öðrum þýskum tónskáldum, það er að segja andstæða við ítalska skólann. Ekki er

¹⁴ Stenhammar, Wilhelm: *Florez och Blanzefflor*, op 3, Eriksförlaget AB Stockholm, 1980, taktur 40-42

hægt að greina mikil norræn áhrif, sem kannski var ástæða þess að þetta verk fékk í fyrstu frekar lélega dóma. Samt sem áður er þetta verk mjög vel samið en það er í þýskum anda.

1900-1910

Hægt er að sjá svipaða tilhneigingu nema smækkaðri mynd í *Ensamhetens tankar* með texta eftir Verner von Heidenstam, samið 1893-95. Þar skapar Stenhammar mikil blæbrigði, þar sem verkið er gegnumsamið án endurtekninga. Stenhammar notar frekar bókstaflegar textatúlkanir eins og áður er sagt. Þetta gildir einnig um verkið *Flores och Blanzeflor*, sem er undir þýskum áhrifum. Þar er hægt að sjá mun persónulegri blæ heldur en áður.

Sumrin 1908 og 1909 samdi Stenhammar 10 sönglög með píanói. Þau voru gefin út 1910 undir heitinu *Visor och Stämningar*. Þessi ljóðaflokkur er mjög mikilvægur í sænskri tónlistarsögu og er eitt af þekktustu söngverkum Stenhammars. Þessi lög eru mjög fjölbreytileg og flókin og það er mikið af mismunandi tilfinningum, hughrifum og blæbrigðum sem birtast í þessum 25 mínútna flutningi.

Athyglisvert er að sjá hvaða ljóð Stenhammar hefur valið að nota. Engin önnur tónskáld hafa samið lög við þessi ljóð. Það gerir þennan ljóðaflokk ein persónulegri og einstakan fyrir Stenhammar. Hér fyrir neðan eru þau tíu ljóð sem mynda ljóðaflokkinn *Visor och stämningar*:

1 Vandraren (Ekelund)	<i>Flakkarinn</i>
2 Nattyxne (Karlfeldt)	<i>Næturfjóra</i>
3 Stjarnan (Bergman)	<i>Stjarnan</i>
4 Jungfru Blond och jungfru brunett (Bergman)	<i>Ungfrú ljóshærð og ungfrú dökkhærð</i>
5 Det far ett skepp (Bergman)	<i>Skipið er á leiðinni</i>
6 När fönsterkorsets skugga ligger (Heidenstam)	<i>Skugginn af gluggakarminum</i>
7 Varför till ro så brått (Heidenstam)	<i>Því þarft þú að fara svona fljótt?</i>
8 Lycklandsresan (Fröding)	<i>Paradísarferðin</i>
9 En strandvisa (Fröding)	<i>Strandvísa</i>
10 Prins Aladdin av lampan (Fröding)	<i>Prins Aladdin og lampinn</i>

Hjá Stenhammar og fleiri sænskum tónskáldum eru lögin oft höfð lík að lengd og viðfangsefni innan hvers flokks. Þannig er það ekki í *Visor och stämningar*. Sum laganna þar eru stutt og einföld, önnur eru löng og gegnumsamin. Tvö af lengstu lögunum í *Visor och stämningar* eru *Jungfru Blond och jungfru Brunett* með texta eftir Bo Bergman sem verður einskonar fyrsti

hápunktur og *Prins Aladdin av Lampan* fær að enda flokkinn. Þessi tvö verk eru ein af persónulegustu og áhrifamestu sönglögum hans. Í *Jungfru Blond och jungfru Brunett* er rómantískt og gegnumsmið eins og hljómsveitarpartur. Ljóðið byrjar í leik og skemmtun en fer svo út í að lýsa tilfinningum eins og hræðslu og kvíða. Í samanburði við *Stjarnan* sem kemur á undan, má segja að enn meiri dramatísing eigi sér stað.

Ljóðið *Jungfru Blond och jungfru Brunett* er mjög sérstakt á þann hátt að þar er stutt á milli leiks og alvöru. Ljóðið fjallar um tvær litlar stelpur sem dansa á engi. Sólin skín og himinninn er heiður og blár. En það er haust. Tréin eru ber, loftið yfir þeim er orðið kalt, bráðum verður dimmt og vindarnir hvísla og hlæja í runnunum. Þær verða óttaslegnar og með fléttur sínar og slár hlaupa þær heim til mömmu sinnar „þeirra einu í heiminum“. En myrkrið hótar með nærveru sinni. Þetta nýtir Stenhammar, hann fylgir textanum, byrjar með „þjóðlagalega“ línu og býr til andstæðu við hana í seinni köflum með því að nota krómátík þegar textinn fer að verða dramatískur. Stenhammar gerir þetta ljóð sterkt og hefur athyglisverða nálgun með því að fá fram þ að skemmtilega og dramatíska í textanum. Lagið hefst með léttri, glaðlegri línu:

Dæmi 4

Stenhammar - Úr *Jungfru Blond och jungfru Brunett*, 15
taktur 3-10

(Vivace)

Jung-fru Blond och jung - fru Bru - nett dan - sa med fing - ret på kjo - len

Til að skapa blæbrigði og dramatíska stefnubreytingu notar Stenhammar meiri krómátík í hinum hlutanum sem er meira díatónískur. *Visor och stämningar* er mjög sérstakt verk á þann hátt að þegar að ljóðin standa saman verða þau að einskonar þróun í bæði tónlistinni og sögunni. Flest sænsk tónskáld nota sömu tilfinningu í gegnum ljóðabálkinn en Stenhammar fer aðra leið og þorir að fara lengra, með því að velja svo fjölbreytt ljóð í sama ljóðabálk.

¹⁵ Stenhammar, Wilhelm: *Visor och stämningar*, op 26, *Jungfru Blond och jungfru Brunett*, AB Nordiska förlaget, Edition Wilhelm Hansen, Stockholm, 1970, taktur 3-10

1910-1923

Eitt af síðustu söngverkum Stenhammars heitir *Efterskörd*, fimm sönglög við ljóð eftir Bo Bergman og Gustav Fröding. Hér fyrir neðan eru lögín úr *Efterskörd*:

Var völsignad, milda ömsinhet (G. Fröding)	<i>Blessi þig mildi og góðmennska</i>
Tröst (G. Fröding)	<i>Huggun</i>
Klockan (B. Bergman)	<i>Klukkan</i>
Människornars ögon (B. Bergman)	<i>Augun mannsins</i>
Hjártat (B. Bergman)	<i>Hjartað</i>

Við fyrstu hlustun á þessum lögum úr *Efterskörd* heyrir maður hvernig Stenhammar hefur þroskast tónsmíðum sínum. Í verkinu *Klockan* með texta eftir *Bo Bergman* er hann laus við allt skraut og laglínan kemur hrein fram. Hann notar ekki jafnmikið af styrkleikabreytingum eða blæbrigðum í nótum sínum, eins og við höfum séð hann gera mikið áður.

Athyglisvert er að ef að maður hlustar á seinni sönglög eftir Schumann eða Brahms er hægt að heyra það sama hjá þeim. Tónlistin er innhverf, meiri ró í tónsmíðinni og þar sem þeir trú á hugmynd sína. Hér er ekki mikilvægt að sýna færni sína og kunnáttu tónlistinni heldur frekar að finna fallega tilfinningu í tónlistinni og njóta hennar!

Stenhammar hefur fundið sína leið og reynir ekki að gera of mikið úr hugmyndum sínum. Hér fyrir neðan eru fyrstu taktarnir í *Klockan*:

Dæmi 5

Stenhammar - Úr *Klockan*, taktur 1-4 16

Flickan kom ifrån sin älsklings möte

Eins og sagt hefur verið áður er textinn *Flickan kom ifrån sin älsklings möte* tekinn frá *Idyll och Epigram* eftir Johan Ludvig Runeberg (1804-1877) þar sem þetta ljóð kemur fyrst fram. Líklegt er að Stenhammar hafi samið tónlist við þennan texta árið 1893.

Ljóðið *Flickan kom ifrån sin älsklings möte* er sérstakt á margan hátt. Það býður upp á þá möguleika að verða að leikhússenu, því að það er mikil samræða í ljóðinu. Það er athyglisvert að sjá hvað þetta ljóð getur haft mismunandi áhrif á tónskáld eins og Stenhammar og Sibelius. Ég hef skoðað greiningu eftir Bo Wallner og hann sýnir fram á hvað Stenhammar og Sibelius hafa sameiginlegt og ekki sameiginlegt í þessu verki. Bo Wallner greinir verkin þeirra aðallega út frá því hvernig þeir notuðu textann. Gott er að skoða ljóðið fyrir greininguna sem kemur hér á eftir með þýðingu eftir mig:

Flickan kom i från sin älsklings möte
kom med röda händer. Modern sade:
"Varav rodna dina händer, flicka?"
Flickan sade: "Jag har ätit hallon
och med saften målat mina läppar."

Stelpan kom frá stefnumótinu,
kom með rauðar hendur. Móðirin spurði,
Hvernig roðna hendur þínar stelpa?
Stelpan svaraði, ég borðaði hindber
og saftin gerði varir mínar rauðar

Åter kom hon från sin älsklings möte,
kom med röda läppar. Modern sade:
"Varav rodna dina läppar, flicka?"
Flickan sade: "Jag har plockat rosor
och på törnen stungit mina händer."

Aftur kom hún frá stefnumótinu,
kom með rauðar varir. Móðirin spurði,
hvernig roðna varir þínar stelpa?
Stelpan svaraði, ég týndi rósir,
og stakk mig á þyrnunum.

Åter kom hon från sin älsklings möte,
kom med bleka kinder. Modern sade:
"Varav blekna dina kinder, flicka?"
Flickan sade: "Red en grav, o moder!
Göm mig där och ställ ett kors däröver,
och på korset rista, som jag säger:

Aftur kom hún frá stefnumótinu,
kom með fölar kinnar. Móðirin spurði,
"Hvernig fölna kinnar þínar stelpa?"
Stelpan sagði, undirbúðu gróf fyrir mig, ó móðir,
jarðaðu mig og settu kross yfir,
svo get ég sagt þér:

En gång kom hon hem med röda händer,
ty de rodnat under älskarns läppar.
En gång kom hon hem med röda läppar,
ty de rodnat mellan älskarns händer.
Senast kom hon hem med bleka kinder,
ty de bleknat genom älskarns otro."

Einu sinni kom hún heim með rauðar hendur,
því þær urðu rauðar af höndum elskhugans
Einu sinni kom hún heim með rauðar varir,
því þær urðu rauðar af vörum elskhugans
Síðast, kom hún heim með fölar kinnar,
því þær urðu fölar af ótryggð elskhugans.

Flest ljóð úr *Idyll och Epigram* eru mjög stutt, þetta ljóð er eitt af þeim lengstu. Við fyrsta lestur á ljóðinu finna örugglega margir fyrir stemningu af norrænu sumri en ef maður horfir nákvæmlega á textann, sér maður að það vantar upplýsingar um tíð og náttúru. Við fáum heldur ekki að vita hvernig fólkið í ljóðinu lítur út, hvorki stelpan né mamman eða elskhuginn. Eins og Sibelius og Stenhammar sýna báðir tveir er ljóðið mjög gott til að semja við tónlist, þar sem tónskáldin geta látið hugmyndaflugið njóta sín.

Mamman spyr, stelpan hefur mismunandi svör við spurningunum, þar sem stundum kemur fram dramatík og örvinglun. Í tónlist Sibeliusar sýnir hann alveg frá upphafi hvaða dramatíska karakter hann vill fá fram í verkinu. Hann sýnir líka fram á hvaða tónlistarefni hann ætlar að nota og tekur fram aðalstefið mjög skýrt. Þungar synkópur í lágu raddsviði og áttundahlaup í laglínunni koma fyrir. Frasinn í fyrstu innkomunni í söngroddinni kemur aftur í mismunandi samhengi og karakter.

Dæmi 6

Sibelius - Úr *Flickan kom ifrån sin älsklings möte* 17
taktur 1-3

The musical score consists of two staves. The top staff is the vocal line, and the bottom staff is the piano accompaniment. The key signature is one sharp (F#), and the time signature is 3/4. The vocal line begins with a rest, followed by the lyrics: "Flick-an kom i - från sin äls-klings mö - te kom med". The piano accompaniment features a series of chords and arpeggios, with dynamics markings of *f* (forte) and *dim.* (diminuendo).

Hins vegar hefur Stenhammar í sinni túlkun af *Flickan kom ifrån sin älsklings möte*

¹⁷ Sibelius, Jean, *5 sånger*; Op. 37, *Flickan kom ifrån sin älsklings möte*, Breitkopf & Härtel, Leipzig, 1908, taktur 1-3

farið aðra leið. *Bo Wallner* kallar þetta frásögn, þar sem hann virkilega vill segja frá atburðunum.

Hér fyrir neðan eru tveir fyrstu taktarnir í verkinu.

Dæmi 7

Stenhammar - Úr *Flickan kom ifrån sin älsklings möte* 18
taktur 1-2

Piano

Hann byrjar á stafi sem hljómar frekar „þjóðlagalegt“, sem er mjög einkennandi fyrir hann. Í hljómsveitarútgáfunni af *Flickan kom ifrån sin älsklings möte* (hún var gefin út á sama tíma og píanóparturinn) lætur Stenhammar óbó spila laglínuna. Laglínan í fyrstu innkomunni í söngroddinni í *Flickan kom ifrån sin älsklings möte* er hjá Stenhammar frekar gamaldags og díatónísk. *Bo Wallner* nefnir að þetta sé eins og einskonar „kóralljóð“.

Dæmi 8

Stenhammar - Úr *Flickan kom ifrån sin älsklings möte* 19
, taktur 7-9

(Andante)

Flic - kan kom i - från sin äls-klings mö - te, kom med rö - da hän - der

Það sem gerir *Flickan kom ifrån sin älsklings möte* eftir Stenhammar að frásögn er hvernig hann

¹⁸ Stenhammar, Wilhelm: *Idyll och Epigram Op 4, Flickan kom ifrån sin älsklings möte*, Eriksförlaget, Stockholm, Sweden, 1920, taktur 1-2,

¹⁹ Stenhammar, Wilhelm: *Idyll och Epigram Op 4, Flickan kom ifrån sin älsklings möte*, Eriksförlaget, Stockholm, Sweden, 1920, taktur 7-9

notar frasana „mamman sade“ (mamman sagði) og „flickan sade“ (stelpan sagði) og gerir þá að einskonar resítatífi (talsöng). Þar verða andstæður þegar stelpan segir eitthvað dramatískt. Þetta er öðruvísi heldur en hjá Sibelius. Hann notar textann eins út frá einni heild og skiptir ljóðinu ekki í parta og resítatíf sem bindast saman eins og Stenhammar gerir. *Bo Wallner* skiptir forminu niður í litla formgreiningu:

- x Ingangsstef í píanóinu/hljómsveitinni
- a "Flickan kom frá sin älsklings.."
- b "Modern sade"
- c Spurning móðurinnar: "varav rodna..."
- b "Flickan sade"
- d Svar stelpunnar: "jag har plockat rosor"

Stef í píanóinu/hljómsveitinni sem einskonar viðlag

- a "Åter kom hon från sin älskling.."
 - b "Modern sade"
 - c Spurning móðurinnar "varav rodna..."
- Og svo framvegis

Hægt er að sjá hvernig hann endurtekur sig í laglínunum og frösunum og spurningunum sem móðirin spyr. Hann takmarkar tilfinningaflæðið svo að tilfinningasemi stelpunnar fái meiri slagkraft. Tvisvar koma stefin með svipuðum mótífum, í „þjóðlagalegu laglínunni“ en í þriðja skiptið kemur nýtt mótíf sem verður að vendipunkti sönglagsins. Hér skiptir tónlistin um karakter og verður óróleg og dramatísk.

Dæmi 9

Stenhammar - Úr *Flickan kom frá sin älsklings möte*, ²⁰
taktur 62-64

The image shows a musical score for a vocal piece with piano accompaniment. The vocal line is in the upper staff, and the piano accompaniment is in the lower staff. The lyrics are: "En gång kom hon hem med rö - da hän - - der,". The piano accompaniment is marked "espress." and features a melodic line in the right hand and a bass line in the left hand.

²⁰ Stenhammar, Wilhelm: *Idyll och Epigram Op 4, Flickan kom frá sin älsklings möte*, Eriksförlaget, Stockholm, Sweden, 1920, taktur 62-64

Þetta form sem Stenhammar notar er mjög sérstakt að þú ví leytir að Stenhammar hefur virkilega reynt að fylgja textanum með tónlist sinni. *Bo Wallner* hefur skrifað í einni af sínum bókum *Stenhammar och hans tid*, að Stenhammar sé ólíkur öðrum sænskum sönglagahöfundum eins og *Adolf Fredrik Lindblad (1801-1878)* og *Ture Rangström (1884-1947)* á þann hátt að hann hafi dýpri hugsun varðandi hljóðfæralínurnar. Hann skrifar þetta þannig: „Maður sér hjá Stenhammar að hann fellur ekki í þá gryfju að skrifa langa skrautlega hljóma, eða láta klisjukenna hljóma taka yfir. Allt þetta er mjög algengt í síðrómantískri tónlist.“²¹ Út frá þessu má álykta að Stenhammar hugsir út frá báðum sjónarhornum, það er bæði söngvarans og hljóðfæraleikarans. *Flickan kom ifrån sin älsklings möte* er þess vegna einkennandi fyrir Stenhammar.

²¹ Wallner, Bo: *Wilhelm Stenhammar och hans tid. Del 2*, Nordstedts Förlag, Stockholm, 1991, Bls 229

Lokaorð og niðurstaða

Eftir að vera búin að skoða þróun á sönglögum Stenhammars er ekki hægt að segja að það sé mikill munur á fyrri og seinni sönglögum hans. Frekar mætti segja að maður heyri skýrari persónulegan blæ í seinni lögunum hans. Fyrri sönglöggin hans eru falleg og vel samín en eru mjög í þýskum anda, seinna fer Stenhammar að finna sína leið. Sérkennilegt fyrir lög Stenhammars er hvernig hann setur textann við tónlistina, oft atkvæðabundið, með tónlist sem fylgir textanum mjög bókstaflega, bæði rýtmiskt og í laglínunum. Kannski er ekki hægt að segja þetta um fyrri sönglög hans en þau seinni þróast í að verða þannig. Stenhammar sækist eftir að skapa andstæður á milli kafla í lögunum sínum, til dæmis með því að tónflytja eða nota öðruvísi stef, sem gera þau mjög athyglisverð og skemmtileg bæði fyrir flytjandann og hlustendur.

Sérkennilegt fyrir Stenhammar er líka hvernig hann hefur sett saman suma af sínum ljóðaflokkum. Stundum hefur hann notað ljóð sem í fljótu bragðu virðast ekki passa saman en Stenhammar finnur leið til að láta þau gera það. Seinni verk hans er hægt að kalla naktari, þar sem hann þorir að treysta á hugmynd sína og lætur söngvarann og píanóleikarann ákveða tempó og styrkleikamerki meðvitað. Þetta er öðruvísi en í fyrri sönglögum hans, þar sem hann skrifar mjög mikið í nóturnar, oft veik blæbrigði eins og piano og *dolcissimo*.

Hjá Stenhammar er hægt að sjá mikil áhrif frá Sibeliusi en einnig frá öðrum tónskáldum. Í fyrri sönglögum hans aðallega er hægt að sjá hvernig Stenhammar hefur orðið fyrir áhrifum frá Sibelius og öðrum. Bo Wallner kallar Stenhammar í byrjun ferils síns sem „góða eftirhermu“ með músíkalskan smekk.²² Í lok ferilsins fer Stenhammar að finna sína eigin leiðir og tónlist hans verður persónulegri.

Mér hefur fundist mest gaman að lesa bækurnar um lífsferil Stenhammars eftir Bo Wallner, þar sem er hægt að finna það mesta sem mann langar að vita um Stenhammar. Í þeirri bók er hægt að finna mjög góða greiningu um einmitt *Flickan kom ífrán sin älsklings möte*, sem er aðalgreiningin mín í þessari ritgerð. Að skoða þróun Stenhammars og áhrif hann hefur orðið fyrir í gegnum tíðina hefur verið mjög gaman. Ég lagði áherslu á að greina sönglög eftir Stenhammar og skoða áhrif, aðallega frá Sibelius. Þeir eru báðir tónskáld sem eru mér mjög kærir. Þess vegna fannst mér ekki erfitt að leggja á mig þessa vinnu.

²²

Wallner, Bo: *Wilhelm Stenhammar och hans tid. Del 1*, Nordstedts Förlag, Stockholm, 1991, Bls 152

Heimildaskrá

Bækur:

Wallner, Bo: Wilhelm Stenhammar och hans tid. *Del 1*. Nordstedts Förlag, Stockholm, 1991

Wallner, Bo: Wilhelm Stenhammar och hans tid. *Del 2*. Nordstedts Förlag, Stockholm, 1991

Wallner, Bo: Wilhelm Stenhammar och hans tid. *Del 3*. Nordstedts Förlag, Stockholm, 1991

Broman, Per: New Music of the Nordic Countries, *New music of Sweden*, ritstjóri: White, John D., Prendagon Press, Colorado, 2002

Ekman, Karl: Jean Sibelius, *En konstnärs liv och personlighet*. Bokförlaget natur och kultur, Stockholm, 1935

Tawaststjerna, Erik: Jean Sibelius, *åren 1904-1914*. Ritstjóri: Fabian Dahlström og Gitta Henning, Söderström & C:o förlags AB, Keuru, 1991

http://www.oxfordmusiconline.com/subscriber/article/grove/music/26677?q=Wilhelm+Stenhammar&search=quick&pos=1&_start=1#firsthit

Nótur:

Stenhammar, Wilhelm: Sju dikter ur Ensamhetens tankar av Verner von Heidenstam, Op 7. Nordiska musikförlaget, Stockholm, 1947

Stenhammar, Wilhelm: Florez och Blanzeflor, Op 3, Eriksförlaget AB Stockholm, 1980

Stenhammar, Wilhelm: Efterskörd, *fem sånger för en röst och piano till dikter av Gustaf Fröding och Bo Bergman*. Carl Gehrman's musikförlag, Stockholm, 1933

Stenhammar, Wilhelm: Fyra Stockholmsdikter av Bo Bergman, Op 38. Nordiska musikförlaget, Stockholm, 1923

Stenhammar, Wilhelm: Flickan kom ifrån sin älsklings möte Op 4, Eriksförlaget, Stockholm, 1920

Stenhammar, Wilhelm: Sånger och visor, AB Carl Gehrman's Musikförlag, Stockholm, 1920

Stenhammar, Wilhelm: Visor och stämningar, op 26, AB Nordiska förlaget, Edition Wilhelm Hansen, Stockholm, 1970

Sibelius, Jean: 5 sånger Op. 37, *Flickan kom ifrån sin älsklings möte*, Breitkopf & Härtel, Leipzig, 1908.

Geisladiskar/Hljóðrit

Wilhelm Stenhammar Songs, Peter Mattei barýton, Bengt-Åke Lundin píanó. Grammofon AB BIS, 1994